

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir
Háskólasjóð H/f Eimskipafélags Ísland sem staðfest var 5. nóvember 1964, nr. 247.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. orðist svo:

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheutum þeirra manna, er styðja vilja starfsemi hans.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Stjórnarformaður NBI hf. (Landsbankans), bankastjóri og rektor Háskóla Íslands.

6. gr. orðist svo:

Sjóðstjórnin skal annast reikningshald sjóðsins og ávaxta fé hans á sem tryggilegastan hátt. Skal sjóðstjórnin halda nákvæma skrá yfir nöfn og gjafir þeirra er gefa til sjóðsins, svo og gjafir, framlög eða styrki úr sjóðnum.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera hinir sömu og endurskoðendur Landsbankans. Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir ásamt reikningum Landsbankans. Skal háskólaráði sent eintak af reikningunum.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð H/f Eimskipafélags Íslands staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 30. nóvember 2010.

Ríkarður Mátsson.

Björn Ingi Óskarsson.